

Sp.

1025. Nefndarálit

[49. mál]

um till. til þál. um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað álits manna um efni hennar. Talið er að framkvæmd tillögunnar þurfi ekki að kosta mikið fé. Hafa nefndarmenn orðið sammála um að leggja til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU :

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Nefndin hefur einnig rætt till. til þál. um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri. Sú tillaga er 8. mál þingsins. Telur nefndin rétt að hún komi einnig til athugunar við slíka könnun ef samþykkt verður.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Gunnar G. Schram,
form.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson,
frsm.

Stefán Valgeirsson.

Árni Johnsen.

Guðrún Helgadóttir.

Kristín S. Kvaran.